



Dagskrá

Fundurinn haldinn í ráðhúsi Borgarbyggðar 11. apríl klukkan 18:30

Fundur númer 2 mættir: Bragi Þór Svavarsson, Raket Guðjónsdóttir, Guðrún Þórðardóttir, Sigríður Bjarnadóttir, Sigga Dóra, Bjarni Þór og Sigurður Guðmundsson.

1. Sambandsstjóri setur fundinn

Bragi setur fund og lofar að tala bara um það sem skiptir máli.

2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt

Fundargerð 1. fundar samþykkt.

3. Sumarfjör, vinnuskóli

Sigga Dóra fór yfir sumarfjörrið í grófum dráttum. Verður með hefðbundnu sniði og áður. Undirbúningur stendur yfir núna, skiptingin er 1. til 4. bekkur og 5. til 7. bekkur en hugmynd að reyna að ná til eldri hópsins með fjölbreyttari og jafnvel óformlegum hætti. Helsti ókosturinn er hve skráning skilar sér illa og því erfitt að áætla með fjölda starfsmanna. Hugmynd að nýta Sportabler í þessu tilliti og aðilar frá þeim koma fljótlega og þar verður þetta skoðað. Gengur frekar illa að ráða starfsfólk í þetta en gengur vonandi fljótlega. Reyna að fá deildirnar til þess að vera með námskeið í ýmsum íþróttagreinum í bland við Sumarfjörrið.

Vinnuskólinn er fyrir 7. til 10. bekk (7. bekkur er styttri tíma). Byrjar 7. júní og búið að ráða tvo flokkstjóra og lítur vel út með það. Starfstöðvar á ýmsum stöðum eins og vanalega en skráning fer fram hjá UMSB.

4. Landsmótsnefnd UMFÍ 50+

Siggi talaði um að það kæmu 3 til 4 frá UMSB, 2 frá Borgarbyggð og 1 frá UMFÍ. Ýmis nöfn komu upp í umræðunni um líklega fulltrúa í nefndina. Siggi mun tala við nokkra vel valda aðila til þess að koma þessu í gang.

Tala við styrktaraðila í tíma áður en fjárhagsáætlanir eru gerðar.

5. Heimasíða UMSB

Kynnt var tilboð sem hefur borist í nýja heimasíðu sem er þægilegri í notkun t.d með síma í huga. Ýmislegt sem styður þá hugmynd því deildirnar vilja efla sínar heimasíður og hætta smá saman notkun á t.d facebook.

Samþykkt að halda áfram með undirbúning að nýrri síðu.

6. Hegðunarviðmið

Rætt um skjal frá ÍSÍ sem við ætlum að fjalla betur um í sambandi við verkefnið sýnum karakter.

7. Fjármunir UMSB

Siggi fór yfir skjal þar sem tekjur frá Borgarbyggð koma fram. Skoða hvort við séum að gera það sem við fáum borgað fyrir eða hvort við séum að gera meira en við fáum borgað fyrir.

8. Íþróttagreinar í lægð hvað er til ráða?

Hvernig er hægt að styðja við þær greinar sem eiga undir högg að sækja. Er hægt að auka við samstarf við félög í nágrannasveitarfélögum?

Siggi kom með hugmynd af æfingbúðum fyrir alla. Fara t.d á Laugarvatn og nýta aðstöðuna þar. Þá væri hægt að fara í ýmsar greinar þannig að krakkarnir kynnist mismunandi greinum og kynnist líka innbyrðist. Eykur samheldni og getur hjálpað til við kynningu á greinum sem krakkarnir hafa aldrei prófað áður.

Ræða þetta á formannafundi sem verður haldinn í júní.

9. Hreyfivika UMFÍ 27.5 – 2.06

Koma með hugmyndir í hreyfivikuna, flott dagskrá sem var framkvæmd í Snæfellsbæ 8.-15. mars og hugsunin er að gera eins vel og gert var þar.

10. Fjáraflanir félaga innan UMSB

Þyrfti að reyna að sameina kraftana þannig að það séu ekki allir að herja á sömu aðilana.

Fundi slitið klukkan 20:25